

# LJÓSMYNDIR

## FRAMKÖLLUN & PRENTUN

Kynningarblað

Skemmtileg skrásetning á gestagangi yfir fimm ára tímabili.



## Skrásetti gestagang á fimm ára tímabili með Polaroid-myndavél

Ingibjörg Hrefna Björnsdóttir hjúkrunarfræðingur fékk langþráða Polaroid-myndavél í afmælisgjöf á aldamótaárinu. Hún notaði vélina við sérstök tækifæri og smelti mynd af öllum sem ráku inn nefið þegar hún bjó í Kaupmannahöfn ásamt manni sínum.

Ég hafði ágirnst Polaroid-myndavél alveg frá því á níunda áratugnum en þá fékk stóri bróðir minn slíka vél. Draumurinn rættist loks aldamótaárið þegar ég fékk vél í afmælisgjöf,“ segir Ingibjörg Hrefna Geirsdóttir, hjúkrunarfræðingur og áhugamanneskja um Polaroid-myndavélar.

„Það er sérstakur sjarmi yfir Polaroid-myndum. Kunningi okkar átti líka Polaroid-vél og tók brúðkaupsmyndirnar af okkur hjónum á hana.“

Ingibjörg Hrefna og eiginmaður hennar, Ólafur Rafnar Ólafsson, bjuggu í Kaupmannahöfn þegar hún fékk vélina langþráðu í afmælisgjöf. Þau drógu Polaroid-vélina upp við sérstök tækifæri, til dæmis þegar þau fengu gesti.

„Á fimm ára tímabili tókum við myndir af nánast öllum gestum sem komu við hjá okkur,“ segir Ingibjörg.

„Til að byrja með hengdum við myndirnar upp á vegg en þær urðu

svo margar að við röðuðum þeim á endanum öllum inn í bækur. Þetta er mikið safn og ótrúlega skemmtileg heimild. Ég rakst einmitt á bækurnar um daginn þegar við vorum að flytja og það var mjög skemmtilegt að fara í gegnum þetta allt. Synir okkar hafa líka gaman af því að skoða myndirnar.“

Filmurnar í Polaroid-vélina kostuðu þó sitt og í dag þarf að hafa svolítið fyrir því að nálgast þær, segir Ingibjörg. Hún hafi því ekki notað vélina mikið undanfarið.

„Ég á vélina ennþá en filmurnar eru dálítið dýrar. Þetta er fyrirhöfn og maður þarf að vera mikil áhugamanneskja til að standa í þessu. Við fengum aðra vél í fyrra sem vinkona okkar hafði átt í mörg ár uppi í hillu. Það var filma í þeirri vél og við tókum nokkrar myndir. En þetta er alveg spari. Maður vandar valið á myndefninu og Polaroid-vélin er ekkert sem krakkarnir fá að leika sér með,“ segir hún spök.

Ingibjörg Hrefna Geirsdóttir, hjúkrunarfræðingur og Polaroid-áhugamanneskja, tók myndir af öllum sem komu í heimsókn til hennar á fimm ára tímabili.

MYND/ANDRI MARINO



# Ljósmyndavörur standa á fertugu

Fyrirtækið Ljósmyndavörur ehf. var stofnað árið 1974 og er enn í eigu sömu eigenda. Það er því 40 ára í ár og þar með eitt elsta ljósmyndafyrirtæki landsins. Í ágúst gefst viðskiptavinum Ljósmyndavara einstakt tilboð til að framkalla 100 bestu myndirnar sínar.

Við stofnuðum Ljósmyndavörur utan um innflutning á Fuji-filmmum árið 1974 og síðan hefur fyrirtækið þroskast og dafnað í takt við þarfir viðskiptavina og tækniþróun,“ segir Bergur Gíslason framkvæmdastjóri.

„Undanfarnin ár hefur þróunin verið í þá átt að nú vilja viðskiptavinir fá mun fjölbreyttari þjónustu en áður. Flestir vilja geta pantað á einfaldan hátt í gegnum netið og sótt vöruna eða fengið hana senda heim, en að sjálfsögðu er líka hægt að fá hjálp við að panta í versluninni.“

## Auðvelt að panta á netinu

Til að mæta óskum viðskiptavina, sem panta vilja í gegnum vefinn, var settur upp afar þægilegur íslenskur vefur: framkollun.ljosmyndavorur.is. Þar er hægt að panta ljósmyndir (Instagram, 10x13,5 og 10x15), stækkanir (upp í 100x150), strigamyndir á blind- eða flotramma, boðskort, bolla, brúsa, boli, púsl, músamottur, iPhone- og iPad-hulstur og fleira á fljótlegan og einfaldan hátt.

„Á vefnum er byrjað á að hlaða inn myndum og því næst valin vara sem áhugi er á að panta, stærðir, fjöldi og áferð. Að lokum er farið í greiðslu (kredit- eða debetkort) og ákveðið hvort sækja eigi vöruna eða fá hana heimsenda. Varan fer þá í framleiðslu og er tilbúin einum til þremur virkum dögum seinna, en allt er það háð tegund vörunnar,“ útskýrir Bergur.

## 100 bestu myndirnar á pappír

Ljósmyndavörur bjóða einnig upp á ljósmyndabækur, harðspjalda og mjúkar. Hlaða þarf niður hugbúnaði fyrir bækurnar sem eru þyngrir í sendingu.

„Flestir eiga til helling af myndum á tölvunni sinni, á hörðum diskum eða öðrum geymslustöðum – myndir sem fæstir sjá og gætu glatast. Því hvetjum við alla til að nýta sér 29 krónu tilboðið okkar, sem gildir út ágúst, og framkalla 100 bestu myndirnar sínar. Það hefur aldrei verið auðveldara,“ segir Bergur.

Ljósmyndavörur framkalla allar myndir á Fujifilm-ljósmyndapappír sem talinn er sá endingarbesti í heimi og þar fæst gott úrval myndaramma í öllum verðflokkum.

„Önnur áhugaverð þróun síðustu misseri eru svokallaðar Fujifilm Instax-myndavélar sem eru afskaplega vinsælar hjá yngri fólkinu. Það eru skyndimyndavélar og þráðlausir prentarar (Instax Share) sem prenta út ljósmyndir strax. Instax Share er frábær nýjung því hægt er að prenta út myndir hvar sem er með WiFi-teningingu, beint úr síma (iOS eða Android), iPad og öllum myndavélum með þráðlausu teningingu í gegnum síma. Instax Share-prentarinn er svo pínulítill – passar í jakkavasa, gengur á rafhlöðum og notar sömu filmur og Instax Mini-myndavélar,“ upplýsir Bergur.



„Flestir eiga til helling af myndum á tölvunni sinni – myndir sem fæstir sjá og gætu glatast. Því hvetjum við alla til að nýta sér tilboðið okkar, sem gildir út ágúst, og framkalla 100 bestu myndirnar. Það hefur aldrei verið auðveldara.“

## Fujifilm-myndavélar slá í gegn

Meðal fleiri vinsælla nýjunga hjá Ljósmyndavörum er fimm stjörnu myndavélin Fujifilm X-T1 sem hefur sópað að sér verðlaunum, eins og TIPA, EISA, 5 stjörnur og gull hjá DP Review, 5 stjörnur hjá Cameralabs, Techradar, What Digital og Expert Reviews.

„X-T1 er vinsælasta „mirrorless“ vél Fujifilm frá upphafi og fullkomin fyrir atvinnumenn og áhugafólk. Hún er veðurhald, hraðvirk og létt, með framúrskarandi myndgæði og á frábæru verði. Auk þess er hún með öflugum WiFi-teningum svo hægt sé að pósta myndum strax og stjórna vélinni frá síma eða spjaldtölvu (iOS eða Android).“

Ljósmyndavörur eru einnig með landsins besta úrval af



töskum fyrir viðkvæman búnað, eins og mælitæki, hljóðfæri, tölvubúnað og aðrar græjur frá Peli (Pelican í Bandaríkjunum).

„Peli-töskurnar eru vatns- og rykheldar og með lífstíðar-ábyrgð frá framleiðanda. Þær hafa reynst afar vel á Íslandi.“ Sjá nánar á [www.ljosmyndavorur.is](http://www.ljosmyndavorur.is)

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Jónatan Atli Sveinsson, jonatan@365.is, s. 512-5446 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

## TVÖFALDUR HEIÐUR!

Síðan fyrsta Fujifilm X „mirrorless“ vélin kom á markað hefur sigurgangan verið óslitin hjá TIPA – virtustu og eftirsóttustu verðlaunum í myndavélagiranum.

2011 - FUJIFILM X100

2012 - FUJIFILM X-PRO 1, FUJIFILM X-S1

2013 - FUJIFILM X-E1, FUJIFILM X20, FUJINON 14mm F2.8R

2014 – FUJIFILM X-T1, FUJINON XF10X24 F4 R OIS



# FUJIFILM

Með X seríunni hefur Fujifilm snúið myndavélaheiminum á haus. Á örskömmum tíma hefur þeim tekist að búa til nýtt myndavélaerfi með frábæru linsu úrvali, sem hjálpar þér að ná þínum bestu myndum. Kerfi sem er bæði einstaklega notendavænt – bæði hvað varðar viðmót og léttleika, og með framúrskarandi myndgæði sem skáka því besta sem þekkst hefur. FUJIFILM X-T1 er veðurhald, hraðvirk, auðskilin, skilar frábærum myndum og er á frábæru verði.

**Komdu og kíktu á FUJIFILM X-T1 og sjáðu afhverju atvinnumenn og áhugaljósmyndarar um allan heim eru að skipta yfir í FUJIFILM.**

## Afmælistilboð í ágúst

# 29 kr. stykkið!

Frábært tilboð á Instagram myndum, 10x13,5cm myndum og 10x15 cm myndum. 100 stk og yfir á 29 kr. stykkið gegnum framköllunarvefinn okkar: [framkollun.ljosmyndavorur.is](http://framkollun.ljosmyndavorur.is)

# LJÓSMYNDAVÖRUR

SKIPHOLTÍ 31, 105 .REYKJAVÍK SÍMI: 568 0450 LJOSMYNDAVORUR.IS

# Ljósmyndabækur, tækifærisgjafir og framköllun á einfaldan máta

ELKO býður upp á framköllunarþjónustu í samstarfi við þýskt fyrirtæki. Á heimasíðu ELKO má sækja hugbúnað til að búa til persónulegar myndabækur, framkalla myndir eða láta prenta texta á vörur. Hugbúnaðurinn er einfaldur og þægilegur í notkun hvort sem á að framkalla ljósmyndir eða búa til ljósmyndabók en ef spurningar vakna aðstoðar starfsfólk ELKO eftir bestu getu.

ELKO býður upp á framköllunarþjónustu í samstarfi við þýska fyrirtækið CeWe. Öll framleiðsla fer fram í Þýskalandi og eru pantanir sendar vikulega til ELKO. „Í boði eru CeWe-ljósmyndabækur, stafræn framköllun, stækkanir, dagatöl, púsluspil, kaffikönnur og margt fleira,“ segir Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir, vefstjóri hjá ELKO. „Til að halda verði í lágmarki er bæði heimasíða og hugbúnaður fyrir framköllunarþjónustu á ensku en starfsfólk ELKO aðstoðar fólk eftir bestu getu og svarar öllum þeim spurningum sem vakna þegar viðskiptavinir panta hjá okkur. Hægt er að fá aðstoð í símaveri ELKO eða með því að senda fyrirspurnir á framköllun@elko.is. Framköllunarþjónustan var búin að vera í skoðun hjá okkur í einhvern tíma og ákveðið var að kynna hana til leiks samhliða nýjum ELKO-vef í nóvember 2013.“

## Tilvalin jólagjöf

Guðrún segir CeWe-myndabók vera tilvalda til að geyma minningar og að hún sé vinsæl jólagjöf. „Hugbúnaðurinn sem hægt er að sækja á framköllun.elko.is er einfaldur og þægilegur í notkun, hvort sem á að framkalla ljósmyndir eða búa til persónulega CeWe-myndabók. Í hugbúnaðinum sést strax hvernig myndin mun koma út í bók eða til dæmis á púsluspili. Einnig er hægt að panta vörur beint af framköllunarsíðunni og viljum við endilega benda fólki á að lesa vel leiðbeiningar, bæði á heimasíðu og í forriti

til að tryggja að myndirnar séu í nægilega góðri upplausn og þær prentist í réttri stærð. Sem dæmi er hugbúnaðurinn forstilltur á að skila myndum í þeirri stærð sem þær eru teknar í og þar af leiðandi eru þær oft í mismunandi stærðum eftir prentun. Ef viðskiptavinir vilja fá myndirnar allar í sömu stærð þá er það valið sérstaklega í hugbúnaðinum.“

## Panta með góðum fyrirvara

Framleiðsla varanna frá CeWe fer fram í Þýskalandi og því er afhendingartími vörunnar ein til þrjár vikur. „Framleiðslutími vöru er þrjú til ellefu dagar, það fer eftir því hvort þetta eru stækkanir, gjafavara eða ljósmyndabók en ELKO fær sent einu sinni í viku frá CeWe. Með því að bjóða upp á vöru sem er framleidd erlendis getur ELKO boðið upp á gott verð fyrir þá sem þurfa vöruna ekki undir eins. Við mælum með að jólagjafir séu til dæmis pantaðar í nóvember en ekki í desember,“ segir Guðrún.

## Hágæða vörur

Framleiðsla CeWe fer fram í hágæða ljósmyndaverksmiðju sem er ein af þeim stærstu í Evrópu. „Þetta þýðir að alltaf fæst hágæða vara, hvort sem viðkomandi hefur hannað sína eigin CeWe-ljósmyndabók, sett saman dagatal, pantað veggspjöld, prentað á striga til að fegra heimilið eða eitthvað allt annað þá ætti hann að verða ánægður með niðurstöðuna.“



Guðrún Ósk hjá ELKO segir vörurnar frá CEWE vera fallegar og viðskiptavinir vera ánægðir með þær.  
MYND/GVA

## Endalausir möguleikar

ELKO býður upp á að framkalla myndir og einnig að prenta þær á hinar ýmsu vörur. Framköllunarþjónustan býður upp á stækkanir, veggspjöld og prentun á akríl, gler og á striga. Ein nýjungin er að prenta veggspjöld og striga sem Multi-Panel, en þá er ein og sama myndin prentuð á tvö til fjögur plaköt/striga sem kemur mjög vel út á vegg.

### Boðskort

Erðu að fara að bjóða í veislu? Framköllunarþjónustan býður upp á boðskort fyrir mismunandi tækifæri. Fjölmargar uppsetningar og hönnunarmöguleikar eru í boði. Til dæmis er hægt að gera stór boðskort sem sýna matseðla eða kort af staðsetningu.

### Dagatal

Það tekur bara örfáar mínútur að setja upp persónulegt dagatal með myndum fyrir janúar til desember. Framköllunarþjónusta ELKO býður upp á margar stærðir og gerðir af dagatölum, lítil og nett dagatöl til að hafa á borði en einnig A4-, A3- og A2-dagatöl á vegg. Veggdagatöl eru prentuð á hágæða pappír og gormuð saman. Þetta var vinsæl gjöf fyrir síðustu jóla og líklega margir sem panta eitt eintak í viðbót, til að eiga heima.

### Gjafavara

Búðu til persónulega gjöf, bolla, músarmottu, púsl, samstæðuspil, hlíf utan um snjallsíma eða bangsa. Í hugbúnaðinum getur þú skoðað úrvalið af gjafavörum sem hægt er að panta, púsluspil og samstæðuspil eru mjög sniðug gjöf fyrir krakka. Bolli með mynd eða mynd og texta er falleg gjöf, til dæmis er hægt að hafa „Besti pabbi“, „Besta mamma“, „Frábær amma“, „Töff afi“ á bollanum auk ljósmynda.



## CeWe- ljósmyndabók

Ljósmyndabók frá CeWe er tilvalin til að geyma minningar. Einnig er sniðugt að nota hana sem persónulega og sérstaka gjöf og búa til ljóða-, sögu- eða matreiðslubók.

Safnaðu saman myndum úr brúðkaupi, ferðalagi eða myndum af fjölskyldunni og búðu til þína eigin LJÓSMYNDABÓK til að geyma minningar eða gefa. CeWe býður upp á margar gerðir og stærðir af ljósmyndabókum, átta stærðir eru í boði, allt frá 11x15 cm til 38x29 cm XXL-bók. Bókin er prentuð á hefðbundinn ljósmyndapappír sem gefur góða liti og skerpu en einnig er hægt að velja háglanspappír. Bækurnar eru fánlegar sem hefti, með mjúkri kápu eða með harðspjaldakápu.

Láttu hugmyndafluglitið njóta sín með því að búa til þína eigin matreiðslubók, smásögubók eða ljóðabók sem er persónuleg og sérstök gjöf. Raðaðu myndunum handvirkt í bókina eða notaðu forritið til að setja upp síðurnar.

Nánari upplýsingar um framköllunarþjónustuna er að finna á [www.elko.is/framköllun](http://www.elko.is/framköllun).



# Frábærir ljósmyndaprentarar

EPSON-prentarar hafa haft sterka stöðu hérlendis um árabil. Þór hf. býður upp á úrval af ljósmyndaprenturum sem hæfa heimilum, fyrirtækjum og áhugamönnum um ljósmyndun. Starfsmenn búa yfir mikilli tækniþekkingu og reynslu í að þjónusta viðskiptavinum.

Í rúmlega 30 ár hefur Þór hf. þjónustað EPSON-prentara fyrir heimili, skóla og fyrirtæki hér á landi. Fyrirtækið hefur selt EPSON-prentara frá árinu 1978 og um leið þjónustað þá þann tíma. Starfsmenn þess búa því yfir mikilli tækniþekkingu og reynslu þegar kemur að allri þjónustu að sögn Sigvalda Jónssonar, söluráðgjafa í tölvudeild Þórs. „Við bjóðum meðal annars upp á gott úrval prentara sem henta bæði heimilum og fyrirtækjum fyrir mismunandi þarfir. Hvort sem fyrirtækið er lítið eða meðalstórt þá bjóðum við upp á lausnir sem henta flestum.

Flaggskip verslunarinnar er ljósmyndaprentarinn EPSON Stylus Photo R3000 sem er arftaki hins vinsæla R2880. „Þetta er sannkallaður ofurljósmyndaprentari fyrir pappír sem er allt að A3 að stærð. Þetta er ljósmyndaprentari sem allir atvinnumenn og ljósmyndanörðar geta verið sáttir við. Hann er toppurinn á markaðnum án þess að menn þurfi að fjárfesta í atvinnumanna-græjum. Prentarinn nær meðal annars að prenta út hágæðaljósmynd í A3 stærð á 190 sekúndum.“

Prentarinn inniheldur ný litahylki á meðan flestir aðrir eru með sex slík. „Hann gefur frábæra litablöndun sem býður upp á mikinn fjölda lita. Einnig er hann sérstaklega góður fyrir svarthvítar myndir enda býður hann upp á þrjá tóna af svörtum lit; svartan (mattan eða „photo“), ljóssvartan og ljósljóssvartan.“ R3000 getur einnig prentað út rúllur, arkir og sérstök pappaspjöld sem Þór hf. selur en þau eru 1 mm á þykkt.

Þar sem prentarinn kostar 165.000 kr. er



XP-750 sem er allt í senn: hágæða ljósmyndaprentari, skanni og ljósrítunarvél. MYND/GVA

hann vinsælli hjá fyrirtækjum en heimilum. „Það má segja að prentarinn sé fullkominn fyrir ljósmyndanörðinn sem vill fá bestu mögulegu ljósmyndir án þess að kaupa allar dýru græjur.“

Sigvaldi minnir á að ekki sé nóg að eiga góðan prentara því pappírinn skiptir gríðarlega miklu máli. „Við bjóðum upp á mikið úrval af alls konar pappír, hvort sem það er mattur, glans, háglans, kaldpressaður, með sérstakri áferð eða bara hreinlega til að strauja á boli.“

## Ljósmyndaprentari fyrir heimilin

Þegar kemur að hentugum lausnum fyrir heimili bendir Sigvaldi á EXPRESSION PHOTO XP-750 sem er allt í senn; hágæða ljósmyndaprentari, skanni og ljósrítunarvél. „Þessi prentari er sex lita bleksprautuprentari sem prentar að A4 stærð. Þetta er þráðlaus prentari sem hægt er að stýra og prenta út í gegnum iPad og iPhone. Einnig er hægt að prenta af geisladiskum, úr



Sigvaldi Jónsson er söluráðgjafi í tölvudeild Þórs hf. Fyrirtækið selur úrval af ljósmyndaprenturum. MYND/GVA

myndasafni frá Google Cloud og fleira.“ Einnig er hægt að fá A3+ útgáfu af þessum prentara en þá heitir hann XP-950.

## Einfaldur heimilisprentari

Mest seldi prentarinn er þó EPSON Expression Home XP-312 sem kostar einungis 14.990 kr. „Þetta er ekki vinsælasti prentarinn að ástæðulausu. Hann er virkilega einfaldur og þægilegur og býður upp á alla þessa hefðbundnu þráðlausu möguleika. Prentarinn passar þannig vel

við iPad, iPhone og Android-snjallsíma. Hann er virkilega þægilegur í rekstri og góð kaup fyrir heimilin.“

Þessi prentari er hagstæðastur af heimilisprenturum að sögn Sigvalda enda býður hann upp á allt sem einfaldur lítill prentari á að gera. Hægt er hægt að skanna og ljósríta með honum og því er hann tilvalinn fyrir skólafólk og til að prenta ljósmyndir úr símanum.

Nánari upplýsingar um EPSON-ljósmyndaprentarana má finna á [www.thor.is](http://www.thor.is).



EPSON Stylus Photo R3000  
165.000,-

EPSON STYLUS PHOTO R3000

### EPSON Hágæða A3 ljósmyndaprentari

- 9 stök hylki
- Notar Epson UltraChrome K3 blek
- Hágæða A3 ljósmynd á 192 sek.
- Sérstaklega góður fyrir svarthvítar ljósmyndir
- Auðveldur í notkun og uppsetningu
- Prentar arkir og rúllur
- Mikið úrval af pappír í boði.
- Prentar á geisladiska
- Prentar á allt að 1,3 mm þykkum pappír
- Þráðlaus



EPSON Expression Photo XP-750  
34.000,-

EPSON EXPRESSION PHOTO XP-750

### EPSON ljósmyndaprentari fyrir heimili.

- Prentar út hágæða ljósmyndir
- Tvöföld skúffa fyrir pappír
- Skannar og ljósrítar
- Með AirPrint (beinn stuðningur við iPhone/iPad)
- Hægt að fá App fyrir bæði iPhone og Android tæki
- Hægt að fá í A3+ útgáfu (heitir þá XP-950)
- Allar skipanir á skjá
- Prentar á geisladiska
- Þráðlaus



EPSON Expression Home XP-312  
14.990,-

EPSON EXPRESSION HOME XP-312

### Einfaldur og þægilegur heimilisprentari.

- Hentar vel fyrir skólafólk
- Prentar út ljósmyndir
- Skannar og ljósrítar
- Með AirPrint (beinn stuðningur við iPhone/iPad)
- Hægt að fá App fyrir bæði iPhone og Android tæki
- Allar skipanir á skjá
- Þráðlaus

Pappír, blek og þjónusta fyrir alla EPSON heimilis- og fyrirtækjaprentara.



EPSON Perfection V370  
22.000,-

EPSON Perfection V370

### Einfaldur skanni fyrir heimilið

A4 4800 x 9600dpi 48-bitá litadýpt - 3,2 DMax

EPSON Perfection V370 skannar skjöl, ljósmyndir, filmur, slides og glæsur. Með EPSON Perfection V370 er hægt að skanna beint í cloud þjónustur, sem gerir þér kleift að nálgast skjölin í hvaða tölvu og farsíma sem er.

Með EPSON skönnum frá Þór hf. fylgir einfalt kennsluskjal um EPSON SCAN forritið.



EPSON Perfection V550  
50.000,-

EPSON Perfection V550/V600

### EPSON skannar fyrir kröfuharða

A4 6400 x 9600dpi 48-bitá litadýpt - 3,4 DMax

EPSON Perfection V550 & V600 skanna allt að 12 ramma 35mm filmur (2 filmu lengjur), 4 slide (í ramma) eða 6 x 12 medium format filmur. Inniheldur Digital ICE™ tækni sem hreinsar filmur sérstaklega vel og gerir alla eftirvinnslu auðveldari. V600 Skanninn hreinsar einnig pappírs ljósmyndir sem sömu tækni.

### EPSON skannar fyrir atvinnufólk

A4 6400 x 9600dpi 48-bitá litadýpt - 4,0 DMax

EPSON Perfection V700 og V750 skanna allt að 24 ramma 35mm filmur (4 filmu lengjur), 12 slide (í ramma) eða 6 x 12 medium format filmur. 120/220 filmur (allt að 6 x 20cm), 2 ramma 5 x 4", 2 ramma 203 x 254mm og er með hámarks skann svæði: 21.59 cm x 29,7 cm. Digital ICE™ tækni - til að taka sjálfkrafa ryk og rispur, lágmarka kostnaðarsama myndvinnslu



EPSON Perfection V700  
125.000,-

EPSON Perfection V700/V750



EPSON Skjávarpí EB-S02H  
95.000,-

EPSON EB-S02H  
Ódýr og einfaldur skjávarpí

3LCD Technology  
Upplausn: SVGA, 800 x 600, 4:3  
Skerpa 3.000:1  
Myndsáæði: frá 33" til 350" (83 - 889 cm)  
Birta: 2.600 lumen-2.080 (eco) Litur/hvít ljós  
Líftími peru: 4000 / 5000 (eco) tímar



EPSON Skjávarpí EB-X14H  
145.000,-

EPSON EB-X14H  
Bjartur skjávarpí fyrir kröfuharða

3LCD Technology  
Upplausn: XGA, 1024 x 468, 4:3  
Skerpa 3.000:1  
Myndsáæði: frá 30" til 300" (76 - 760 cm)  
Birta: 3000 lumen-2.400 (eco) Litur/hvít ljós  
Líftími peru: 4000 / 5000 (eco) tímar